

L Ö G

13

1. febr.

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra
embættis- og starfsmanna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir orðunum „almennri kosningu“ í þriðju málsg. 1. gr. laganna komi:
fiskimatsmanna og annara matsmanna, sem ekki taka laun úr rikissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

14

1. febr.

um veiting ríkisborgararéttar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aanes, Arthur Emil Antonsen, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.
2. Aspelund, Erling, trésmiður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
3. Hobbs, Josephina Antonia, hárgreiðslukona í Reykjavík, fædd í Reykjavík.